



## Álagning fasteignagjalda Fljótshéraðs 2019

Álagning fasteignagjalda byggir á fasteignamati samkvæmt Landsskrá fasteigna frá 31. des. Álagning, leiðréttingar, reikningagerð og innheimta fer fram hjá stjórnslu- og fjármáladeild. Álagningarseðlar eru aðgengilegir á [island.is](http://island.is) og í íbúagátt á heimasíðu Fljótshéraðs.

Bæjarstjórn Fljótshéraðs hefur ákveðið að álagning fasteignagjalda 2019 verð sem hér segir.

### Fasteignagjöld íbúðarhúsnæðis: A – skattflokkur

Íbúðarhús og sumarbústaðir, ásamt lóðum, erfðafestulönd og jarðeignir sem eingöngu eru nýttar til landbúnaðar, mannvirki og útihús á bújörðum.

- Fasteignaskattur A 0,50% af fasteignamati húss og lóðar.
- Vatnsgjald pr. ferm. í húsnæði 249 kr. auk. 8.748 kr. fastagjalds.
- Holræsagjald 0,32% af fasteignamati húss og lóðar.
- Hreinsun rotþróa skv. gjaldskrá. (Rotþró minni en 4,5 rúmmetri 18.684 kr. Rotþró að stærð 4,5 til 6,5 rúmmetri 26.851 kr. Umfram rúmmetri yfir 6,6 rúmmetra 6.027 kr.)
- Lóðarleiga A, af lóðum í eigu Fljótshéraðs, 0,75% af fasteignamati lóðar.
- Sorpgjald 29.861 kr. pr. íbúð fyrir 240 L tunnu. Sumarhús án þjónustu 30% þar af eða 8.958 kr. og sumarhús með fulla þjónustu frá 10. maí til 27. september 50% eða 14.930 kr. Árgjald fyrir hverja aukatunnu sorps er 10.600 fyrir grúa tunnu, fyrir græna tunnu kr. 1.900 og fyrir brúna tunnu 1.900 kr.

### Fasteignagjöld stofnana: B – skattflokkur

Sjúkra- og heilbrigðisstofnanir, skólar, íþróttahús o.fl. sbr. reglugerð um fasteignaskatt nr. 1160/2005.

- Fasteignaskattur B 1,32% af fasteignamati húss og lóðar.
- Vatnsgjald pr. ferm. í húsnæði 249 kr. auk. 8.748 kr. fastagjalds.
- Holræsagjald 0,32% af fasteignamati húss og lóðar.
- Lóðarleiga B, af lóðum í eigu Fljótshéraðs, 0,75% af fasteignamati lóðar.

### Fasteignagjöld atvinnuhúsnæðis: C – skattflokkur

Aðrar fasteignir en falla undir A og B flokk t.d. verslanir, iðnaðar- og skrifstofuhúsnæði

- Fasteignaskattur C 1,65% af fasteignamati húss og lóðar.
- Vatnsgjald pr. ferm. í húsnæði 249 kr. auk. 8.748 kr. fastagjalds.
- Holræsagjald 0,32% af fasteignamati húss og lóðar.
- Lóðarleiga C, af lóðum í eigu Fljótshéraðs, 0,75% af fasteignamati lóðar.



## Gjalddagar og greiðsla fasteignagjalda

Á forsíðu álagningarseðils eru tilgreindir gjalddagar fasteignagjalda. Eindagi fasteignagjalda er síðasti virki dagur greiðslumánaðar og fellur allur skattur ársins í gjalddaga ef vanskil verða.

Sé fjárhæð fasteignagjalda undir kr. 25.000 er gjalddagi þeirra 1. febrúar. Greiðslu má inna af hendi með útsendum greiðsluseðlum (í þeim tilfellum sem það á við), beingreiðslum og boðgreiðslum eða í heimabönkum. Nánari upplýsingar fást á bæjarskrifstofunum í síma 470-0700 eða á netfanginu egilsstadir@egilsstadir.is

## Afsláttur til tekjulágra elli- og örorkulífeyrisþega af fasteignaskatti

Sækja þarf um afsláttinn á þar til gerðum eyðublöðum, sem m.a. er að finna á heimasíðu Fljótshéraðs. Umsókninni þarf að fylgja afrit af skattframtali viðkomandi vegna tekna síðasta árs. Sá afsláttur sem fólk á rétt á er síðan endurgreiddur og lagður inn á uppgefinn bankareikning. Hámarksafsláttur af fasteignaskatti árið **2019** er kr. **80.000**, en fer eftir tekjum og lækkar línulega þangað til hámarstekjumarki er náð.

Sjá nánar [reglur um afslátt af fasteignaskatti](#) hjá Fljótshéraði sem finna má á heimasíðu sveitarfélagsins.

Tekjumörk elli- og örorkulífeyrisþega eru sem hér segir.

- **Tekjur einstaklinga 2018** - Fullur afsláttur skv. 4. gr. reglnanna með tekjur allt að 2.980.000 kr. Engan afslátt með tekjur yfir 3.910.000 kr.
- **Tekjur hjóna 2018** - Fullur afsláttur skv. 4. gr. reglnanna með tekjur allt að 4.190.000 kr. Engan afslátt með tekjur yfir 5.309.000 kr.